

Sí samþykkti í nýjum kjarasamningi styttingu vinnutíma fyrir félagsmenn sína.

Megin inntak styttingar vinnuvikunnar úr kjarasamningi er hér:

Styttingin getur náð allt að 4 stundum á viku, úr 40 stunda vinnuviku í allt að 36 virkar vinnustundir fyrir starfsfólk í 100% starfshlutfalli. Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi styttist hlutfallslega. Samhliða því verður grein 3.1 í kjarasamningi óvirk. Niðurstaða samtals getur einnig verið á þá leið að óbreytt vinnufyrirkomulag henti best, enda telji starfsmenn sig nú þegar búa við betra fyrirkomulag. Í samtali verða gerðar tillögur um skipulag vinnunnar og fyrirkomulag hléa, þar sem starfsfólki er gefinn kostur á að nærast.

Niðurstaða skólastjórnenda í Hafnarfirði að styttingu vinnutíma

Tillaga:

- Tillaga stjórnenda hefur verið rædd á stjórnendafundum grunnskólanna og á þeim fundum var lagt til að fara í hámarksstyttingu vinnutíma. 13 mínútur á dag 65 mín á viku og selja neysluhlé sem gerir 35 mín á dag og eykur vinnuframlag um 175 mín á viku.
- Stytting alls að hámarki 4 klst á viku sem gera 23 virka daga yfir árið.
- Við veljum blandaða leið að taka vinnustyttingu sem í ár myndi vera eftirfarandi:
 - Páskaleyfi > 3 dagar,
 - Jólaleyfi >7 dagar
 - Vetrarfrí 2+2 > 4 dagar
 - Alls er þetta 14 dagar.
 - Þá eru eftir 9 dagar sem samið yrði um við hvern og einn á einstaklingsgrunni.
 - Hjá þeim stjórnendum sem eru í 50% stjórnunarhlutfalli en á Sí samningi. Styttingin hjá þeim kemur út eins þar þeir vinna af sér með kennslunni á móti styttingu (sumarlaun) sem stjórnendur. Þeir seldu þá helminginn af kaffitímum eða 17 mín.

Aðgerðir:

- Markviss verkefnaskipting á milli stjórnenda sem eru ábyrgir fyrir sínum verkefnum í verkaskiptingu.
- Markvissari fundir alltaf með dagskrá og tímaramma.
- Notum Teams fundi þegar það hentar.
- Erum þegar byrjuð að vinna að þessu í tengslum við vinnustyttingu kennara og annarra starfsmanna.
- Samvinna stjórnenda og samstarf er fastmótað og verður skerpt á því skipulagi reynist þess þörf.
- Lögð verður áhersla á fyrirsjáanleika með verkefnaskrá og skipulagi fram í tímann. Þannig verður stjórnun skólans samstillt og sterk.
- Stjórnendur munu fylgja verklagsreglum Hafnarfjarðar um fjarveru á vinnutíma samhliða styttingu vinnuvikunnar.
- Með því að taka sameiginlega daga utan álags tíma skóla er verið að huga að samvinna stjórnenda á nemendatíma sé áfram sem mest þannig eru þeir til staðar fyrir nemendur og kennara sem stjórnendur teljum mikilvægt.

Mælikvarði/markmið:

- Markmið breytinganna eru að:
 - Bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma.
 - Auka skilvirkni.
 - Bæta gæði þjónustu.
 - Tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika.
 - Stuðla að bættum lífskjörum.
 - Stuðla að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.